



ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

**HITAVEITA Á KJALARNEI**  
**Frumáætlun um hitaveitu**  
**frá Esjubergi út á Kjarnes**

María Jóna Gunnarsdóttir

OS82125/JHD37 B

Desember 1982



**ÓRKUSTOFNUN**  
GRENSÁSVEGI 9, 108 REYKJAVÍK

**HITAVEITA Á KJALARNESI  
Frumáætlun um hitaveitu  
frá Esjubergi út á Kjarnes**

María Jóna Gunnarsdóttir

OS82125/JHD37 B

Desember 1982

## HITAVEITA KJALARNESSI

---

### Inngangur

Hér er gert frumathugun á kostnaði við að koma á fót hitaveitu á Kjalarneſi. Gert er ráð fyrir að afla vatns með borun við Esjuberg og leiða það út á Kjalarneſ i þéttbýlið við Bergvík, og áfram að Arnarholti, Brautarholti og út á Bakka. Fjarlægðin frá Esjubergi að Bakka er 7 km. Sjá nánar mynd af lögn á bls. 8. Um 200 manns búa á þessu svæði. Verkfraðistofa Sigurðar Thoroddssen hf. hefur gert áætlun um hitaveitu í Kjalarneſhreppi (sjá heimildarskrá) og skoðaði þar two möguleika fyrir byggðina í vesturhluta hreppsins, þ.e. að afla vatns með borun við Esjuberg eða leiða vatn frá Hitaveitu Reykjavíkur í Mosfellssveit fyrir Kollafjörð út á Kjalarneſ, um 15 km leið. Samkvæmt þeiri áætlun er hitaveita frá Esjubergi hagkvæmari kostur en á móti kemur að óvissa ríkir um árangur borunar.

### Jarðhiti

Eins og áður sagði er hér gert ráð fyrir að vatn fáiſt fyrir hitaveitu með borun við Esjuberg. Volgra er í myri skammt austan við bænn og þar hefur mestur hiti mælst  $26^{\circ}\text{C}$ . Seint á síðustu öld féll skriða úr fjallinu fyrir ofan Esjuberg. Skriðan féll yfir bænn Grund og laug sem nefnd var Grundarlaug. Sú laug var notuð til þvotta og var skammt fyrir ofan þann stað þar sem volgran er nú. Vatnið í núverandi volgru er heita vatnið úr Grundarlaug sem kemur undan skriðunni. Fjallsbrúnin norðan Esjubergs nefnist Lauganipa sem bendir til að þarna hafi verið þekkt laug um aldir. Ekki er unnt að taka marktækt sýni til efnagreiningar úr volgrunni, þar sem heita vatnið er blandað myrarvatni og því ekki hægt að meta hitastig í jarðlöögum út frá efnahita.

Það sem gefur von um að við Esjuberg sé heitt vatn að fá með borunum er í fyrsta lagi volgran. Uppstreymi heita vatnsins er talið tengt tiltölulega ungum misgengjum sem liggja um Esjuna með NNA-SSV stefnu. Í öðru lagi er óvenjulega hár hitastigull á Kjalarneſi. Við Arnarholti hefur hann mælst  $165^{\circ}\text{C}/\text{km}$  og við Vallá yfir  $200^{\circ}\text{C}/\text{km}$ , en vatnsgengd í bergi er á báðum stöðum lítil, enda liggja engin ung misgengi um

jarðlögin þar. Hinn hái berghiti á Kjalarmesi og hin ótvíraða vísbending um vatnsrennsli í berggrunninum við Esjuberg gerir staðinn álitlegan til borana eftir heitu vatni. Þó er að sjálfsögðu ekki hægt að fullyrða um vatnsmagn né hita vatnsins fyrr en að lokinni borun. Í þessari áætlun er reiknað með að boraðar verði tvær 800 m djúpar holur og að úr þeim fáist  $80^{\circ}\text{C}$  heitt vatn.

(Munnleg heimild: Ingvar Birgir Friðleifsson).

#### Forsendur áætlunarinnar

- Aðalæðin frá Esjubergi að Arnarholti er einangruð asbestleiðsla í jarðvegsgarði, heildarlengd 5,3 km. Frá Esjubergi að þéttbýlinu við Bergvík eru 3,5 km og leiðslan 150 mm í þvermál. Frá Bergvík að Arnarholti eru 1,8 km og leiðslan 100 mm í þvermál.
- Aðrar lagnir, sem eru heimaeðar á sveitabæi og dreifikerfi í Bergvík, eru einangruð stálrör og er frágangur á þeim með hefðbundnum hætti. Heildarlengd heimaeða er 6,3 km og áætluð lengd dreifikerfis fyrir núverandi byggð í Bergvík er 1,2 km.
- Í töflu á bls. 7 eru niðurstöður frumhönnunar á hitaveitu. Þar eru m.a. upplýsingar um rennsli í lögnum og hitastig á vatni komið til notenda. Þar er einnig gefin upp núverandi aflþörf byggðar 1255 KW og uppsett afl hitaveitu sem er 1600 KW þannig að umfram-afl er 345 KW. Uppsett afl er hærra en núverandi aflþörf til að viðhalda hita í lögnum en gengið er út frá að hiti á vatni til notenda fari ekki niður fyrir  $60^{\circ}\text{C}$ . Í töflunni er auk þess frumhönnun á rörastærðum og lengdir á rörum.
- Aflþörf húsa áætlast eftirfarandi á hvern rúmmetra hitaðs húsnæðis:

Sveitabýli	$30 \text{ W/m}^3$
Þéttbýli	$24 \text{ W/m}^3$
Alifuglahús	$20 \text{ W/m}^3$

Aflþörf til sveita áætlast meiri en í þéttbýli því heitt vatn nýtist á ýmsan hátt í búrekstur.

- Nýtingartími á afli til húshitunar áætlast 3800 stundir á ári og nýtingartími á heitavatnsdælum 6000 stundir.
- Upplýsingar um rúmmál og fjölda húsa er fengið frá Fasteignamati ríkisins. Í Bergvík hefur verið skipulögð byggð fyrir um 150 einbýlishús og raðhús en þar af hafa verið byggð 20 hús.
- Verðlag miðast við febrúar 1982 og byggingavisitölu 909 stig. En það verðlag er notað til samræmis við heildarathugun á hitavatnsmöguleikum sem verið er að vinna að. Þessi áætlun er hluti af þeirri heildarathugun. Núverandi byggingavísitala desember 1982 er 1331 stig.

#### Afl- og vatnsþörf

Samkvæmt fasteignamati skiptist það húsnæði í Kjalarmeshreppi, sem yrði á veitusvæði hitaveitunnar, niður þannig:

	Rúmmál m <sup>3</sup>	Aflþörf kW
Sveitabærir	21.581	647
Bergvík þéttbýli/skóli	16.586	398
Alifuglahús	10.498	210
<hr/>		
1255		

Núverandi heildaraflþörf hitaveitu er því um 1,2 MW og er þá gert ráð fyrir að öll hús á veitusvæðinu tengist hitaveitunni.

Vatnsþörf hitaveitunnar er 12 l/s af 80°C heitu vatni fyrir núverandi byggð og þar af eru nær 3 l/s umframrennsli til að viðhalda hita í rörum. Umframrennsli við Bergvík nægir til hitunar á um 20 meðalstórum einbýlishúsum, þannig að byggðin þar getur stækkað um helming án þess að leggja þurfi í aukinn kostnað. Aðalæðin frá Esjubergi að Bergvík er eins og áður sagði 150 mm asbestleiðsla sem getur flutt a.m.k. 20 l/s þannig að hún ætti að nægja um næstu framtíð.

Stofnkostnaður

Aðalæð

ein. asbeströr 3,5 km 2.133 þús kr.

Heimæðar á sveitabæi

ein. stálrör 6,3 km 2.387 " "

Dreifikerfi Bergvík

ein. stálrör 1,2 km 1.011 " "

5.531 þús kr.

Ýmislegt og ófyrirséð 10% 553 " "

Hönnun og umsjón 8% 443 " "

2 borholur 800 m djúpar 3.800 " "

Dæluhús, dælur og tilh. búnaður 1.200 " "

11.527 þús kr.

Rekstrarkostnaður

Fjármagnskostnaður 9.4% 1.084 þús kr.

Viðhald 1.8% 208 " "

Stjórnun og umsjón 200 " "

Rafmagn á dælur 110 " "

1.602 þús kr.

Orkuþörf hitaveitu ef öll hús eru tengd áætlast.

1255 KW x 3800 klst = 4.769.000 kWh/ári

$$\text{Orkuverð verður þá} = \frac{1602}{4769} = \underline{\underline{0,34 \text{ kr/KWh}}}$$

### Samanburður á orkuverði

Orkuverð hitaveitu er borið saman við orkuverð oliú og raforkuverð til húshitunar hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Kjalarne er á veitu-svæði R.R. Eins og áður sagði fer allur samanburður fram á verðlagi í febrúar 1982 til samræmis við þá heildarathugun sem verið er að vinna að um möguleika á nýjum hitaveitum.

Verð á oliú var í febrúar 1982 3,65 kr/l en er nú í des. 1982 6,20 kr/l. Raforkuverð til hitumar samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur var í febr. 1982 0,22 kr/kWh en er nú 0,45 kr/kWh og er þá miðað við taxta C. 2 sem er rofin hitun, en það er sá taxti sem flestir kaupa rafmagn til hitunar á í Kjalarnehreppi.

Samanburður á orkuverði verður þá eftirfarandi:

	Orkuverð kr/kWh	Hlutfall af oliú %
Olia (óniðurgreidd)	0,57	100
Rafhitun (taxti C2)	0,22	39
Hitaveita Kjalarne	0,34	60

### Niðurstöður

Samkvæmt ofangreindum samanburði er hitaveitan um 60% af oliuverði en um 55% dýrari en rafhitun á taxta C2 hjá Rafmagnsveitum Reykjavíkur. En í áætlun um hitaveitu hefur ekki verið tekinn kostnaður við að skipta um hitunarkerfi í þeim húsum sem hafa þilofna. Samkvæmt upplýsingum frá RR eru um 86% húsnæðis á þessu svæði með rafhitun en lítill hluti þess er hitaður með þilofnum. Þannig að um 90% húsnæðis hafa vatnsofna og gætu tengst hitaveitu án verulegs kostnaðar.

Þessi samanburður miðast eins og áður sagði allur við febrúarvísitölu 1982 og gert er ráð fyrir að þróun á orkuverðum hafi haldist í hendur. Sú hefur þó ekki orðið raunin því oliuverð hækkaði um 70% frá feb. til des. 1982, en á sama tíma hækkaði rafhitun á taxta C2 hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur um 105%. Hækjun byggingarvísitölu á þessu tímabili, sem gera má ráð fyrir að byggingarkostnaður hitaveitu fylgi í grófum dráttum, var 46%.

Orkuverð verður þá eftirfarandi á verðlagi í desember 1982:

	Orkuverð kr/kWh	Hlutfall af oliu %
Olia	0,97	100
Rafhitun (RR)	0,45	44
Hitaveita	0,50	52

Heimildir

Verðfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. 1979: Hitaveita Kjalarneshrepps, endurskóðuð frumáætlun. VST ágúst 1979, 15 s.

Framkvæmdastofnun ríkisins 1980: Hitaveita Kjalarneshrepps. Mai 1980, 8 s.

HITAVEITA KJALARNESI

Frumhönnun á rörastærðum, rennsli og hitastiðgi til notenda við gefnar forsendur.

Stadur	Núv. afibörf kW	Lengd aðv.æðar m	Lengd heimæðar m	Rennsli 1/s	Hiti hjá notanda °C	Nafn mál röra	Uppsett áfl kW
Borhola				12	0,3	78	-
Esbjuberg	22	0	100	11,7	-	25	st 48
Móar o.fl.	176	0	1500	1,2	75	-	50 st 175
Kirkjuland	13	600	100	10,5	150 A	25 st	30
Sjávarhólar	28	1300	300	0,2	76	150 A	25 st
Skrauthólar	11	200	200	10,1	72	150 A	25 st
Vallá	186	1000	200	0,2	72	150 A	25 st
Bergvík/skóli	425	400	8,7	1,2	75	150 A	25 st
Jörvi	9	800	-	4,2	75	-	616
Lykkja o.fl.	80	500	100	4,5	71	100 A	25 st
Presthús o.fl.	119	500	300	0,2	71	100 A	26
Arnarholt	148	0	1800	4,3	69	100 A	40 st
Bakki	38	1700	0	2,1	64	-	121
				0,8	70	50 st	121
				0,8	61	-	163
					12	50 st	70
	1.255	7.000	4.600				1.600

A = einangruð asbeströr  
st = einangruð stálrör

